

FRUMSÝNT
Í SAMKOMUHÚSINU

23. ágúst 2019

LEIKFÉLAG UNGA FÓLKSINS

OG MENNINGRAFÉLAG AKUREYRAR KYNNA

fml

fokk mæ læf





Unglingsárin eru gríðarlega mikilvægur tími í lífi hvers og eins. Ég held að langflest okkar muni vel eftir þessum árum og getum verið sammála um að þau hafi haft mikil áhrif á það hver við erum í dag. Á þessum tíma er margt í gangi og mikil þroskastökk sem eiga sér stað. Í rauninni er nánast sami hamagangur í heila unglings og tveggja ára barni þegar viðkemur breytingum í taugakerfinu. Unglingar þurfa hins vegar að kljást við breytingarnar með fullri meðvitund ásamt því að virka í samfélagi sínu og mæta væntingum þess, í skólanum, félagslífinu og innan fjölskyldunar. Ofan á þetta bætist að á okkar tímum hafa orðið gríðarlegar og mjög hraðar breytingar sem hafa skapað töluvert kynslóðarbil. Það er á okkar ábyrgð sem fullorðið fólk að hlusta og skilja og brúa þetta kynslóðarbil af virðingu.

Þegar ég hóf þetta verkefni var ég nokkuð örugg um að ég gæti búið til heilstæða og fína sýningu með þessum aldurshópi. Hópurinn hins vegar sprengdi þær tempruðu væntingar mínar og tóku mig mun lengra en ég hefði nokkur tíma getað hugsað mér. Kjarkurinn, drifið og viljinn kom mér á óvart en líka það hvað ég hef lært ofboðslega mikið auk þess að ferlið hefur sýnt mér að ég er orðin miðaldra, rétt um þritugt, ef ekki bara fullkominn steingervingur.

Við getum styrkt og leiðbeint unga fólkinu okkar inni lífið og framtíðina en það verður að vera framtíðin sem þau eru á leiðinni inn í. Það hefur verið ólýsanlega þroskandi og gefandi að búa til þessa sýningu. Ég vil þakka leikhópnum innilega fyrir mig og býð ykkur góðrar skemmtunar.

Vala Fannell leikstjóri



Nafn:

Malin Marta Ægisdóttir, 15 ára.

Skóli:

„Ég var í Brekkuskóla en er að fara að byrja í MA.“

Áhugamál?

„Dans og auðvitað leiklist, lesa bækur og horfa á bíómyndir.“

Hvað borðarðu í morgunmat?

„Nautakjöt með bernaise.“

Samfélagsmiðillinn þinn?

„Instagram.“

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífi þínu, hvaða lag yrði fyrir valinu?

Come on Eileen með Dexys Midnight Runners eða This Charming Man með The Smiths.“

Uppáhaldsbók?

„The Perks of Being a Wallflower.“

Hvað fer alltaf í taugarnar á þér?

„Þegar fólk skilur mig ekki eða hlustar ekki á mig. Og þegar sængin er of lítil fyrir sængurverið.“

Hver er tilgangur lífsins?

Að skilja eitthvað eftir sig.“

Uppáhaldsteiknimyndapersónan?

„Felix í Finnboga og Felix.“

Fylgistu með fréttum?

„Stundum.“

Af hverju hefurðu mestar áhyggjur?

„Framtíðinni.“

Hvenær verður maður fullorðinn?

Ég veit það ekki! Mér líður eins og það sé enginn einn ákveðinn tími heldur vaknar maður bara einn daginn og fattar „shit ég er orðin fullorðin“ Sama hvort manni finnst það gott eða slæmt.



Nafn:

„Þorbjörg Þóroddsdóttir, 14 ára.“

Hvað ætti að vera kennt í skóla sem er ekki kennt?

„Skattar og pólitik.“

Uppáhaldsbók?

„Perks of Being a Wallflower og They Both Die at the End.“

Fyrirmynd?

„Mary Shelley.“

Hvað verður orðið hallærislegt eftir fimm ár?

„Einnota plast og að trú á ekki á loftslagsbreytingar.“

Hver er tilgangur lífsins?

„Að lifa.“

Æði fyrir hverju fékkstu síðast?

„Bókmenntum frá níttjándu öld.“

Hvað ættu allir að prófa allavega einu sinni?

„Að vera vegan.“

Fylgistu með fréttum?

„Já, alltaf.“

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

„Fólk sem hefur tók á því að mennta sig um það sem er að gerast í heiminum og gerir það ekki.“

Af hverju hefurðu mestar áhyggjur?

„Hlýnun jarðar.“

Hvenær verður maður fullorðinn?

„Spurðu mig aftur eftir tíu ár.“

Hvaða fræga einstakling vildurðu hitta og hvað myndirðu vilja ræða um?

„Ef ég má nefna einhvern látinn myndi ég vilja ræða við Mary Shelley um það hvernig það var að vera kvenkyns rithöfundur á þessum tíma.“



Nafn:

„Sigríður Erla Ómarsdóttir, 16 ára.“

Skóli:

„Verkmenntaskólinn á Akureyri.“

Áhugamál:

„Tölvuleikir, að teikna og leiklist.“

Samfélagsmiðillinn minn:

„Facebook.“

Ef þú ættir að velja lag til að dansa fyrir lífi þínu:

„Kick up Your Heels.“

Fyrirmyndin þín:

„Vinkona foreldra minna.“

Yfir hverju geturðu alltaf hlegið?

„Fyndnum YouTube myndböndum.“

Uppáhaldsbók:

„Fnaf The Silver Eyes.“

Með hvaða liði heldurðu með í enska?

„Liverpool.“

Hvað verður hallærislegt eftir fimm ár:


„Örugglega Fortnite.“

Hver er tilgangur lífsins:

„Að lifa því eins og þú vilt.“

Uppáhaldsteiknimyndapersónan:

„Hiksti/Hiccup úr HTTYD (How to Train Your Dragon).“



Nafn:

„Sóldís Anna Jónsdóttir, 14 ára.“

Skóli:

„Brekuskóli.“

Áhugamál:

„Leiklist, tónlist og dýr.“

Hvað ætti að vera kennt í skóla sem er ekki kennt?

„Það ætti að kenna meira um hlýnun jarðar.“

Hvað borðarðu í morgunmat?

„Ég fékk mér heimilisjógurt í morgun.“

Yfir hverju geturðu alltaf hlegið?

„Ég get alltaf hlegið yfir hversu klaufaleg ég er.“

Hver myndi leika þig í bíómynd?

„Rebel Wilson myndi leika mig í bíómynd.“

Uppáhaldsbók?

„Skjaldbökur alla leiðinna niður er upphalds bókin mín.“

Hvað verður orðið hallærislegt eftir 5 ár?

„Pokaleg föt.“

Kisur eða Hundar?

„Hundar.“

Hver er tilgangur lífsins?

„Að njóta þess til fulls.“

Hvenær er maður orðinn fullorðinn?

„Ég held að það sé bara tilfinning.“

fml fml fml fml fml fml fml fml fml fml fml fml fml fml



Nafn:

„Elva Sól Káradóttir, 15 ára.“

Skóli:

„Lundarskóli.“

Áhugamál:

„Að syngja, dansa og leika.“

Hvað borðarðu í morgunmat?

„Grillaða samlökur.“

Hvaða lag yrði fyrir valinu ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífi þínu?

„Material girl með Madonnu.“

Fyrirmynd?

„Freddie Mercury.“

Hver myndi leika þig í bíómynd?

„Rachel McAdams.“

Hvað verður orðið hallærislegt eftir fimm ár?

„Fortnite.“

Hvað fer alltaf í taugarnar á þér?

„Litlir strákar að dansa Fortnite dansa.“

Hver er tilgangur lífsins?

„Að lifa lífinu ekki gera ekki neitt.“

Hvað ætti ævisaga þín að heita?

„Wtf?“

Á hvern öskraðirðu síðast?

„Vin minn Eliott en það var gott öskur því ég öskraði hvað ég elska hann mikið.“

Hvaða fræga einstakling vildurðu hitta og hvað myndirðu vilja ræða um?

„Hayley Kiyoko, myndi vilja tala við hana um LGBT hluti.“



Nafn:

„Emma Ósk Baldursdóttir, 14 ára.“

Skóli:

„Glerárskóli.“

Hverjum líkist þú mest?

„Gréta Thunberg í útliti segja margir.“

Hvað ætti að vera kennt í skóla

„Peningamál, eins og sparsemi, skatt og svoleiðis.“

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífi þínu, hvaða lag yrði fyrir valinu?

„A-ha take on me.“

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið?

„Hversu mikill klaufi ég er.“

Uppáhaldsbók?

„Harry Potter og viskusteinninn.“

Hvað verður orðið hallærislegt eftir fimm ár?

„Floss. Það er og verður hallærislegt.“

Hvað fer alltaf í taugarnar á þér?

„Þegar fólk smjattar hátt.“

Hver er tilgangur lífsins?

„Að hafa gaman og njóta þess.“

Uppáhaldsteiknimyndapersónan?

„Steven Universe.“

Æði fyrir hverju fékkstu síðast?

„Stranger Things.“

Hvað ættu allir að prófa allavega einu sinni?

„Að fara í Nexus.“

Fylgistu með fréttum?

„Nei, ég ætti virkilega að fara gera það.“

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

„Fólk sem fer ekki eftir umferðarreglunum.“

Af hverju hefurðu mestar áhyggjur?

„Hlýnun jarðar og plastmengun.“

Hvenær verður maður fullorðinn?

„Miðað við „fullorðna“ sem ég þekki, aldrei.“

LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

Leikstjóri: Vala Fannell

Lýsing: Ólafur Ingi Sigurðsson

Myndband: Tjörvi Jónsson

Leikmyndarsmiður: Jóhann Jónsson

Innlestur: Hjalti Rúnar Jónsson og Marta Nordal

Stílisti myndatöku: Björg Marta Gunnarsdóttir

Ljósmyndari: Auðunn Níelsson

LEIKLISTARSKÓLI LEIKFÉLAGS AKUREYRAR

Skráningar hefjast

28. ágúst

**Leiklistarskóli Leikfélags Akureyrar
býður alla krakka í 2.-10. bekk**
velkomna í faglegan og skemmtilegan
leiklistarskóla.

Kennarar: Jenný Lára Arnórsdóttir, Jónína Björt
Gunnarsdóttir, Sesselía Ólafsdóttir og Vala Fannell
en þær hafa allar háskólamenntun í leiklist og
reynslu af kennslu.

Skólastjóri: Jenný Lára Arnórsdóttir

Skráning á www.mak.is
Nánari upplýsingar á lla@mak.is

